

# Flutex Pro 5

## Vörulýsing

Mött 100% akrýl veggja- og loftamálning, hylur frábærlega vel. Ráðlögð fyrir svæði með miklar kröfur um notkun sem eru berskjölduð fyrir einhverjum óhreinindum og sliti.

- Hylur frábærlega vel
- Daufur gljái
- Sterkt yfirborð



## Merkingar



## Notkunarmöguleikar

Stofur, gangar, inngangssvæði, skrifstofur, eldhús, atvinnuhúsnæði, heilsugæslustöðvar og verslanir. Steypa, léttsteypa, múrefni, múrsteinar, gífsplötur, trefjamúrefni, sementstrefjaplötur, sementskornaplötur.

## Undirlag

Verður að vera hreint, þurrt, heilt og hentugt fyrir yfirborðsmeðhöndlun.

## Meðhöndlun

Fjarlægjið laust efni og málningu með því að hreinsa og þússa.

Fjarlægjið óhreinindi, feiti og kalkefni með því að hreinsa með Fluren 37.

Vatnsbletti eða yfirborð með nikótínblettum eða sóti þarf að hreinsa með Fluren 49 og meðhöndla með Stop Primer.

Hart, slétt yfirborð þarf að þússa þar til það verður matt og mála með Fix Primer eins og þörf krefur. Sparsla þarf í sprungur, ójöfnur og göt.

Hægt er að grunna íseygt og gljúpt undirlag með Flügger Sealer.

Grunna skal með Wall Primer Pro.

Berðu á 1-2 umferðir. Sumir litir gera kröfu um sérstaka meðhöndlun.

## Notkun

Pensill, rúlla eða úði.

Val á verkfæri/áhalda ræðst af áferðinni sem óskað er eftir

Berðu blautt í blautt og ljúktu með því að nota pensil/rúllu í sömu átt.

Ávallt skal nota sama lotunúmerið á samliggjandi/samfeltt yfirborð.

Mismunur á yfirborði getur orsakað litafrávik.

Kuldi/hiti getur haft áhrif á seigju efnisins.

Efnishiti fyrir úðun, lág. 12°C.

Hindra þarf rakapéttingu við þurrkun/hörðun.

Kuldi og aukið rakastig lengir þurrktíma, fulla hörðun og tíma á milli yfirmálunar.

Mikill hiti og lítill loftraki draga úr þurrktíma og leiða til þess að efnið tekur sig ekki jafnmikið.

Ávallt skal framkvæma prófunarmeðhöndlun til að athuga og samþykkja viðloðun og útkomu.

## Hagnýtar upplýsingar

Ef þörf er á viðgerð, fjarlægðu minniháttar merki og óhreinindi með því að þrifa.

Blettaviðgerðir eru gerðar með sama efni/lotunúmeri og upphaflega var notað.

Gera þarf ráð fyrir að blettaviðgerðir sjáist að meira eða minna leyti eftir lit, gljáa, álagsaðferð, yfirborði, birtu og sjónarhorni.

Stærri skemmdir eru lagfærðar með afmörkun í átt að hornum, samskeytum og þess háttar.

## Væntanleg útkoma

Matt yfirborð með jöfn áferð og daufum gljáa.

Polir hreinsun, þar á meðal blettahreinsun, með vægum hreinsiefnum, mjúkum bursta, vatni og klút.

Sterkir og sérstaklega dekkri litir eru viðkvæmari fyrir sliti og snertingu en ljósir litir.

Smit frá dekkri litum sökum of mikilla litarefna getur átt sér stað.

Einangrar ekki blæðingar frá kvistum og vatnsleysanlegum litum, vatns- eða nikótínblettum.

Sýndu varúð og settu ekki hluti á yfirborðið fyrr en málningin hefur að fullu harðnað.

## Umhverfisupplýsingar

Lágmarkaðu málningarsóun þína með því að meta fyrirfram hversu mikla málningu þú þarft.

Fjarlægðu eins mikið af málningu og mögulegt er af verkfærum fyrir hreinsun.

Ekki má hella málningu og hreinsivökva í niðurföll heldur safna og farga sem umhverfisúrgangi.

Tómar og þurrar umbúðir skulu flokkaðar sem plast, málmhandföng skulu fjarlægð og flokkuð sem málmur.

Geymið umfram málningu á réttan hátt þannig að hægt sé að nota afganga og lágmarka umhverfisáhrif.

## Geymsla

Á svölum, frostlausum stað og vel lokað

## Öryggisbúnaður

Verndaðu húð og augu gegn skvettum með viðeigandi fatnaði, hönskum og gleraugu.

Forðist innöndun sprautu úða og slípi ryks.

Notið viðeigandi hlífðarbúnað, sjá öryggisblað fyrir frekari upplýsingar.

## Viðbótar upplýsingar

Varan uppfyllir kröfur M1: Emission Classification of Building Materials: Protocol for Chemical and Sensory Testing of Building Materials.

Fyrir þessa vöru er gefið út: [Environmental Product Declaration](#)

# Tæknilegar upplýsingar

Vara	100% akrýlmálning
Gljái	Matt;5
Eðlisþyngd (kg/l)	1.49
Þurrefnisinnihald vigt %	61
Þurrefnisinnihald rúmmál %	42
Efnisnotkun (m <sup>2</sup> /ltr.)	8
Lágm. vinnuhitastig við notkun og þornun/hörðun	Min. +10°C
Loftraki	Hám. loftraki 80% RH.
Þurrktími við 20°C, 60% RH (Timar)	1
Fullharðnað þurrktími við 20°C, 60% RF	4
Fullharðnað þurrktími við 20°C, 60% RF	28
Heildarlosun samkv. ISO 16000-9:2011: (< µg/m <sup>2</sup> h eftir 28 daga)	10
Classified in accordance with EN 13300	Wet abrasion resistance: R class 1 Contrast ratio: H10 class 2 (at 8 m <sup>2</sup> /l) Gloss: G4 dead-matt Maximum grain size: S1 fine
Eldvarnar viðmið	B-s1, d0
þynning	Vatn, er venjulega ekki þynnt
Þrif á verkfærum o.s.frv.	Vatn
Country of Origin	Denmark

## Núverandi TDS útgáfa

maí 2025

## Í staðinn fyrir TDS útgáfu

desember 2024